

Mál nr. 78/2025**Nafn málskotsaðila (M)****Nafn varnaraðila (V)****Heiti vátryggingar: Slysátrygging launþega.****Nafn vátryggingartaka (X)****Bótaskyld atvik. Sönnun.****Gögn.**

1. Málskot mótttekið 13. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 14. mars 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 25. mars 2025.

Málsatvik.

Samkvæmt málskoti varð M fyrir vinnuslysi hinn 24. janúar 2023 við Sunnusmára í Kópavogi sem atvikaðist með þeim hætti að M var að ganga niður stiga þegar hann rann með þeim afleiðingum að hann féll og rann á bakinu niður stigann. M leitaði samdægurs á bráðamóttöku Landspítalans. Þar kemur fram í skráningu að hann hafi runnið og lent á bakinu við vinnu. Þá liggur einnig fyrir vottorð um óvinnufærni sem vottar óvinnufærni frá slysdegi til 31. janúar 2023. M leitaði í kjölfar ítrekað til lækna vegna verkja sem hann tengir við slysið.

M gerir kröfu um bætur úr launþegatryggingu vinnuveitanda síns, X, hjá vátryggingafélaginu V. V hafnaði bótaskyldu með bréfi dags. 7. janúar 2025, á þeirri forsendu að ekki væri sannað að hið bótaskylda atvik hefði átt sér stað. M mótmælir þeirri afstöðu og vísar til þess að gögn málsins sýni með nægjanlegri vissu að hann hafi orðið fyrir meiðslum í vinnu og í kjölfarið verið óvinnufær um tíma. M bendir jafnframt á að vinnuveitandi hans, X, hafi ekki tilkynnt slysið til Vinnueftirlitsins, þrátt fyrir að slíkt sé lögbundin skylda samkvæmt 79.–81. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá hafi lögmaður M ítrekað farið fram á það við X að slysinu yrði tilkynnt til Sjúkratrygginga Íslands, sbr. tölvupóstssamskipti dags. 6. mars 2023 og 28. febrúar 2024, án þess að svar hafi borist eða viðbrögð fengist frá X.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að lýsingar á atvikum í gögnum séu að einhverju leyti misvísandi. Annars vegar sé slysinu lýst sem falli í stiga og hins vegar sem falli á jafnsléttu. Þá hafi X ekki viljað undirrita tilkynningu til Sjúkratrygginga Íslands þar sem hann gæti hvorki staðfest að slysið hefði átt sér stað né hvenær. Engin vitni hafi verið að atvikinu, og engin tilkynning hafi borist frá M þegar slysið átti sér stað. Þá sé einnig vísað til þess að M hafi verið sagt upp störfum 10. janúar 2023, með fyrirhuguðum starfslokum eigi síðar en 31. mars, og að hann hafi ekki mætt aftur til starfa eftir meint atvik. Að sögn X hafi ekki tekist að ná í M eftir að upplýsingar um slysið bárust.

Í viðbótarathugasemdum M kemur fram að hann hafi verið að ganga niður stiga með verkfærakassa þegar hann rann og datt. Hann glími við tungumálaörðugleika þar sem hann tali hvorki íslensku né ensku og telur hann misræmi í gögnum einkum skýrast af því.

Álit.

Ágreiningur þessa máls lýtur að því hvort sannað sé að M hafi orðið fyrir slysi í starfi sínu hjá X hinn 24. janúar 2023, þannig að bótaskylda stofnist úr launþegatryggingu X hjá V. Samkvæmt almennum sönnunarreglum ber M sönnunarbyrði fyrir því að slysið hafi átt sér stað með þeim hætti sem hann lýsir og að orsakatengsl séu milli hins meinta atviks og þeirra líkamlegu einkenna sem hann glímir við í kjölfarið. Engin vitni voru að atvikinu og hvorki lögregla né aðrir viðbragðsaðilar komu á vettvang. Í bráðamóttökuskrá Landspítalans frá 24. janúar 2023 kemur þó skýrt fram að M hafi runnið í vinnu, lent á bakinu og verið með einkenni frá baki, höfði og fótum. Þá liggur fyrir fjarvistavottorð vegna óvinnufærni frá sama degi. Þrátt fyrir að síðar hafi komið ítarlegri lýsing á slysinu frá M, verður því ekki breytt að samtímagögn staðfesta að hann hafi slasast við vinnu sína þann 24. janúar 2023. Hvort slysið hafi átt sér stað í stiga eða á jafnsléttu vegna hálfu breytir ekki þeirri niðurstöðu enda hvorutveggja bótaskyld atvik sem falla undir gildissvið launþegatryggingar X hjá V. Með vísan til framangreinds telur nefndin sannað að M hafi orðið fyrir slysi í vinnu hjá X hinn 24. janúar 2023. Hann á því rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr slysatryggingu launþega X hjá V.

Reykjavík, 20. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir